

Vistvæn byggingarefni

Á námskeiðinu verður farið í gegnum hugmyndafræði sjálfbærnihugtaksins, mikilvægi aukinnar umhverfisvitundar og grundvallaratriði vistvænnar hönnunar við val á vistvænum byggingarefnum. Áhersla er lögð á kynningu helstu hugtaka og greiningartækja fyrir vistvæn byggingarefni og áskoranir og ágreiningsmál rædd.

Markmiðið með námskeiðinu er að hvetja þá sem að byggingariðnaði koma til þess að kynna sér þann ávinning sem felst í vistvænum áherslum og veita þeim sterkari grunn til þess að meta gæði byggingarefna. Þannig verða þátttakendur betur í stakk búnir til að vera virkir þátttakendur í vaxandi umræðu um síauknar kröfum um vistvæn byggingarefni, val á þeim og meðhöndlun.

Í námskeiðinu verður megináhersla lögð á eflingu umhverfisvitundar og gagnrýna hugsun því málaflokkurinn er margslunginn, rannsóknir af skornum skammti, spurningarnar margar og enn sem komið er, fátt um svör.

Kennarar: Aðalsteinn Snorrason og Björn Guðbrandsson, arkitektar.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Skúlatúni 2 í Reykjavík.

Tími: 8. og 10. maí kl. 16:00 - 20:00.

Verð: 20.000 kr. en 4.000 kr. til aðila IÐUNNAR og félaga í AÍ.

Skráning fer fram á www.idan.is

Lykilorð: sjálfbærni, manngert umhverfi, vottunarkerfi, viðmið, kerfishugsun, ferlar, vistfærilsgreiningar, umhverfisvitund, vistvæn viðhorf, áskoranir, ágreiningsmál, gagnaöflun, vinnuaðferðir, úrgangur, förgun, skaðleg efni, rokgjörn efni.

